

Stjórn Dalbæjar

18. fundur Dalbæjar 2022 – 2026
1. fundur ársins 2024

Miðvikudaginn 24.1.2024 var haldinn átjándi fundur stjórnar Dalbæjar. Boðaðir voru aðalmenn í stjórn og Hulda Þórsdóttir, áheyrnarfulltrúi starfsmanna. Rúna Kristín Sigurðardóttir var fjarverandi, en varamaður hennar Gunnar K. Guðmundsson mætti í hennar stað. Kristjana Arngrímsdóttir mætti ekki og boðaði ekki forföll. Benedikt Snær Magnússon ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Gott að eldast, þróunarverkefni. Aðgerðaráætlun 1A. Upplýsingar um stöðuna og gang mála.

Elísa fór yfir stöðuna á þróunarverkefninu. Verkefnastýrur verkefnisins voru með vinnufund með starfsmönnum sem var haldinn á Dalvík 22. og 23. janúar 2024. Stjórn Dalbæjar fundaði með verkefnastýrum og sveitarstjórn um verkefnið á fundi 22 janúar. Rúna Kristín Sigurðardóttir ritari og varaformaður, hefur ákveðið að hún ætli að segja sig héðan í frá, frá umfjöllunum (og ákvarðanatökum ef af þeim kemur) um verkefnið: „**Gott að eldast**“ vegna persónulegra ástæðna.

2. Ný stefna stjórnvalda um húsnæðismál hjúkrunarheimila.

Fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra hafa ákveðið að breyta fyrirkomulagi við öflun húsnæðis fyrir hjúkrunarheimili. Áformað er nú að ríkið sjái alfarið um öflun húsnæðis undir rekstur hjúkrunarheimila í gegnum leigusamninga við fasteignafélög og aðra sérhæfða aðila á grundvelli útboða.

3. Nýting rýma á suðurgangi neðri hæðar.

Hafnar eru framkvæmdir á baðherbergjum á neðri hæð. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hver nýtingin á rýmum á að vera.

4. Merking heimilisins.

Frestað til næsta fundar.

5. Jafnlaunavottun 2024 – undirbúningur og vinna

Elísu falið að fara að undirbúa úttekt á jafnlaunavottun.

6. Þorablót Dalbæjar.

Elísa tilkynnir að stjórn sé boðið á þorablót á Dalbæ föstudaginn 2. Febrúar kl 18:00. Makar velkomnir með.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:56.

Fundinn sátu undirritaðir:

Benedikt Snær Magnússon formaður

Gunnar K. Guðmundsson

Anna Guðrún Snorradóttir

Kristinn Bogi Antonsson

Elísa Rán Ingvarsdóttir

Hulda Þórsdóttir